

## Stjórnarfundur STEFs 19. júní 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 19. júní 2024 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir og Magnús Jóhann Ragnarsson. Halldór Smárason var með í gegnum fjarfundarbúnað. Bragi Valdimar boðaði forföll, en því miður komst varamaður hans ekki. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

- Fundargerðir stjórnarfundna frá 7. maí 2024 og 10. maí svo og útdráttur úr fundargerðum voru lagðar fram og samþykktar. Fundargerð fulltrúaráðsfundar 10. maí var lögð fram til upplýsingar og hafði fundurinn engar athugasemdir við hana.
- Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:
  - Markpóstur STEFs v. könnunar GESAC á uppkaupssamningum.
  - Umsögn STEFs um frumvarp til breytinga á lögum um listamannalaun.
  - Útreikningur með samanburði á mánaðarlaunum listamannalauna eftir listgreinum.
  - Frumvarp til breytinga á lögum um listamannalaun.
  - Drög að frumvarpi til laga um menningarframlag streymisveitna.
  - Umsögn STEFs um drög að frumvarpi til laga um menningarframlag streymisveitna.
  - Mechanicals Outlook – Presentation for the NCB Board by Midia.
  - NCB – Sync – One Stop Shop – Presentation for the NCB Board.

Undir þessum lið urðu nokkrar umræður um lagahöfundabúðir, skipulag þeirra og hvernig þær eru kynntar.

- Yfirlit yfir nefndir og ráð á vegum STEFs.

Yfirlitið var lagt fram og stjórn gafst kostur á að gera breytingar ef þörf væri á slíku.

- Kynjagreining 2023.

Ný kynjagreining var lögð fram, sem einnig sýnir samanburð frá fyrri árum. Ánægjulegt er að sjá að úthlutun til kvenna tók á árinu 2023 umtalsvert stökk, úr 10,88% á árinu 2022 í 13,7% á árinu 2023. Í heild eru höfundar á skrá í STEFi 21,5% konur, 0,17% kynsegin og 78,4% karlar. Af nýjum meðlimum á árinu 2023 voru konur 22,8% en voru 27,4% á árinu 2022.

- Kynning á miðsumarsúthlutun.

Guðmundur Þór Guðjónsson fjármálastjóri kom sem gestur á fundinn og kynnti nýfstaðna miðsumarsúthlutun. Kom hann m.a. inn á eftirfarandi atriði í þessu sambandi: Miðsumarsúthlutun er fyrri hluti Aðalúthlutunar 2024, en seinni hlutinn greiðist í desember. Miðsumarsúthlutun nam nú um 160

milljónum og hefur aldrei verið hærrí. Áætlað er að Aðalúthlutun í ár muni nema alls u.þ.b. 320 milljónum, þannig að Miðsumarsúthlutun er hartnær helmingur af heild Aðalúthlutunar.

Miðsumarsúthlutun í ár fól í sér eftirfarandi: 60-70% af spilun á innlendum útvarps- og sjónvarpsstöðvum á árinu 2023, alla skilgreinda bakgrunnstónlist (s.k. „fyrirtækjastreymi“) á árinu 2023. Hluta af óskilgreindri bakgrunnstónlist á árinu 2023, spilun í kvikmyndahúsum og tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá sýndi Guðmundur hver var tekjuskipting rétthafa og hver var meðalúthlutun á hvern rétthafa, auk þess sem að hann fór yfir þróun miðsumarsúthlutunar og hver væri staðan á heildarúthlutun á tímabilinu janúar til júní sl. ár. En nú í júní er búið að úthluta í heild til innlendra höfunda rúmum 307,5 millj. kr. (m.v. 262 millj. sl. ár).

Í framhaldi af þessari kynningu var nokkuð rætt almennt um fjölda úthlutana og mögulega fjölgun á þeim. Í því sambandi er þá helst horft til fjölgunar úthlutunar fjár sem kemur frá erlendum systursamtökum en í dag er því úthlutað á þriggja mánaða fresti.

#### 6. Vörumerkjavitund – Niðurstöður könnunar Gallup fyrir STEF, samanburður milli ára.

Skýrsla Gallup var lögð fyrir fundinn, ásamt stuttri samantekt framkvæmdastjóra. Niðurstöðurnar voru í mjög stuttu máli þær, að á milli ára eru færri sem hafa *aldrei* heyrt um STEF og munar þar 4%. Einnig jókst aðeins hlutfall þeirra sem *eitthvað* þekktu til starfseminnar. Erfitt er að lesa út úr niðurstöðunum hvað varðar *viðhorf* til STEFs, því bæði fækkaði í hópnum sem voru mjög jákvæðir og í neikvæða hópnum (bæði mjög neikvæðir og frekar neikvæðir) um tæplega 4%.

Í framhaldinu var ákveðið að gera sambærilega könnun á tveggja ára fresti, til að stjórn geti áttað sig á þróun vörumerkjavitundar almennings gagnvart STEFi og ímynd þess. Enn fremur var lögð áhersla á að reglulega yrði farið í kynningu vörumerkisins gagnvart almenningi, þótt ekki þyrfti það alltaf vera í sama formi og samfélagsmiðlaátak STEFs að þessu sinni. Heppilegt væri að ávallt yrði hugað að fréttum fyrir viðskiptavinum STEFs og almenning og að stærri verkefni, sem lúta að þessum hópnum, væru framkvæmd á tveggja til þriggja ára fresti.

#### 7. Framlög STEFs í Stórverkasjóð og Upptökusjóð.

Í framhaldi af umræðum á síðasta stjórnarfundum ákvað stjórn að hækka framlög úr Menningarsjóði STEFs í annars vegar Stórverkasjóð og hins vegar Upptökusjóð, en framlög í þessa sjóði hafa verið föst krónutala og því hefur féð glatað nokkuð verðgildi sínu sökum verðbólgu. Reyndar er stutt síðan Stórverkasjóður var stofnaður, en komin eru allmörg ár síðan framlagið í Upptökusjóð var ákveðið. Ákveðið var að framlögin verða frá og með næsta ári 4,4 millj í Stórverkasjóð og 8 milljónir í Upptökusjóð, en ákvörðunin komi þó að hluta til framkvæmda á þessu ári, þannig að hægt verði að úthluta helmingi hækkunarinnar í haustúthlutun þessara sjóða. Þá munu sjóðirnir frá og með næsta ári verða tengdir vísitölu (fyrsta hækkun skv. vísitölu m.v. eitt ár þá vorið 2026).

#### 8. Frumflutningsálag – verklag frh. frá fyrri stjórnarfundum.

Lagt var fram minnisblað frá skrifstofu STEFs um málið, en stjórn STEFs hafði afgreitt tiltekna tillögur vegna þessa á fundi sínum í apríl. Í nýja minnisblaðinu er að finna viðbótartillögur varðandi útreikning frumflutningsálags, sem lúta að takmörkun á fjölda verka frá einum og sama höfundum sem geta fengið greitt

---

frumflutningsálag á ári. Í kjölfar umræðna um málið óskaði stjórn eftir nánari upplýsingum um tiltekin atriði er lúta að þessu og var afgreiðslu málsins því frestað til næsta stjórnarfundar.

9. Musicstart (dótturfyrirtæki SACEM) – sönnun höfundaréttar – tilboð um samstarf.

Kynning fyrir nýja stjórnarmenn fór fram að því hvað fyrirbærið *Musicstart* er og hvað það er að bjóða. Lagt var fram tilboð frá þeim, sem gerir ráð fyrir vaxandi afslætti miðað við fjölda notenda. Var ákveðið að fela framkvæmdastjóra að hafa samband við Musicstart og sjá hvort STEFi bjóðist aðeins betri kjör, ef slíkt býðst þá heimilari stjórn að gengið verði til samninga við og í framhaldinu verði þjónusta Musicstart boðin meðlimum STEFs og þá helst á íslensku og undir merki STEFs.

10. Tónlistarmiðstöð – framlag stofnaðila.

Áður en Tónlistarmiðstöð var stofnuð greiddi STEF til ÚTÓN árlegan rekstrarstyrk, auk þess að leggja til fé í Útflutningssjóð ÚTÓN. Þar sem ljóst þykir að þjónustusamningur Tónlistarmiðstöðvar við ráðuneytið skilji ekki eftir mikið verkefnafé fyrir miðstöðina, þá vill stjórn STEFs áfram styðja við þessa mikilvægu þjónustustofnun tónlistarlífsins. Var því ákveðið að leggja Tónlistarmiðstöð til verkefnafé að fjárhæð kr. 2,5 milljónir næstu þrjú ár (STEF hefur nú þegar greitt stofnframlag til stofnunarinnar að sömu fjárhæð í ár og er því um að ræða viðbótargreiðslu fyrir árin 2025 og 2026). Stjórnin vill þó láta það fylgja með þessu fé, að hún vilji sjá Tónlistarmiðstöð koma inn í fleiri verkefni sem beinast sérstaklega að tónhöfundum, s.s. eins og lagahöfundabúðir.

11. Styrkumsókn.

Umsóknin frá ónefndum höfundi var tekin fyrir og rædd. Ákveðið var að veita ekki styrk til þess tiltekna markmiðs umsækjanda, sem lýst var í umsókninni, sem snérist um að opna fyrir allt það efni sem viðkomandi hefur safnað á tiltekna vefsíðu, til upplýsingar fyrir tónlistarfólk. Hins vegar var því beint til framkvæmdastjóra að falast eftir kröftum viðkomandi til að halda námskeið eða fræðsluerindi fyrir STEF.

12. Önnur mál.

Ákveðið var að STEF myndi veita ört vaxandi lagahöfundum sérstaka viðurkenningu. Væri hentugt að gera slíkt t.a.m. á tónleikum STEFs á Menningarnótt, þar sem fyrir hendi væri umgjörð fyrir slíkan viðburð. Ákveðið var að skrifstofa STEFs myndi skoða tölfræði í þessu sambandi og að stjórn myndi síðan taka ákvörðun um það á milli funda, hverjir myndu hljóta slíka viðurkenningu.

Þá var einnig minnt á að kominn væri tími á að framkvæma næstu þjónustukönnun STEFs, en slík könnun hefur verið gerð undanfarin ár á tveggja ára fresti.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:15.